

REGLUGERÐ

um kröfur er varða verklagsreglur og flugáætlanir innan samevrópska loftrýmisins.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að mæla fyrir um kröfur er varða verklagsreglur um flugáætlanir á undirbúningsstigi flugs til þess að tryggja samræmi milli flugáætlana, endurtækra flugáætlana og tengdra uppfærsluskilaboða milli flugrekenda, flugmanna og flugumferðarþjónustudeilda í gegnum samþætta kerfið fyrir úrvinnslu upphaflegra flugáætlana, annaðhvort á tímabilinu fram að því að fyrsta flugheimild er veitt fyrir flug, sem leggur af stað innan loftrýmisins, sem þessi reglugerð tekur til, eða á tímabilinu áður en önnur flug koma inn í þetta loftrými.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um öll flug sem fyrirhugað er að starfrækja eða eru starfrækt í tengslum við almenna flugumferð í samræmi við blindflugsreglur innan loftrýmis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan Evrópusvæðis (ICAO EUR) og Afríku- og Indlandshafssvæðis (ICAO AFI) þar sem aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eru ábyrg fyrir því að veita flugumferðarþjónustu.

Reglugerð þessi gildir um eftirfarandi aðila sem tengjast afhendingu, lagfæringu, viðtöku og dreifingu flugáætlana:

- flugrekendur og fulltrúa þeirra,
- flugmenn og fulltrúa þeirra,
- flugumferðarþjónustudeildir sem veita almenningsflugi þjónustu í samræmi við blindflugsreglur.

3. gr.

Orðskýringar.

Vísað er til frekari orða og orðskýringa en hér greinir í reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglugerð þessari hafa þau þá merkingu sem hér segir:

Loftrýmisreglugerðin (*Airspace Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á samevrópska flugumferðarsvæðinu. Sjá fylgiskjal IV með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Rammareglugerðin (*Framework Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku flugumferðarsvæði, sjá fylgiskjal II með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Rekstrarsamhæfisreglugerðin (*Interoperability Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar. Sjá fylgiskjal V með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Þjónustureglugerðin (*Service Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á samevrópska flugumferðarsvæðinu. Sjá fylgiskjal III með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

4. gr.

Innleiðing gerða.

Með reglugerð þessari öðlast gildi reglugerð eftirfarandi Evrópuþingsins reglugerðir og framkvæmdastjórnarinnar ráðsins nr. 1033/2006 frá 4. júlí 2006 um kröfur er varða verklagsreglur og flugáætlanir á undirbúningsstigi flugs innan samevrópska loftrýmisins (EB), með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1033/2006 frá 4. júlí 2006 um kröfur er varða verklagsreglur og flugáætlanir á undirbúningsstigi flugs innan samevrópska loftrýmisins, samkvæmt sbr. ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 134/2006 frá 27. október 2006. Reglugerðin er birt sem í fylgiskjal EES-viðbæti með við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 77, 18. desember 2008, bls. 80;
- c. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 929/2010 frá 18. október 2010 um breytingu á reglugerð þessari (EB) nr. 1033/2006 að því er varðar ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr., sbr. ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 152/2011 frá 2. desember 2011. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 1. mars 2012, bls. 305.

5. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem er sett með heimild í 57. gr. a, 5. mgr. 75. og 76. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

- Samgönguráðuneytinu, 6. júní 2008. -

- Kristján L. Möller. -

- Ragnhildur Hjaltadóttir. -

FYLGISKJAL.

[Hlekkur á stofnreglugerð með fylgiskjali á PDF formi.](#)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.